

**Nr. 029 / 16 Guðmundur í Nesi RE 13*****Eldur á vinnsluþilfari***

Skipaskr.nr. 2626      IMO nr. 9235438  
 Útgerð:      Brim hf.  
 Smíðaður:      Langsten Slip & Baatbyggeri árg. 2000  
 Stærð:      1315 brl.      2464 brt.  
 Mesta lengd:      66 m      Skráð lengd:      59,43 m  
 Breidd:      14 m      dýpt:      8,6m  
 Vél:      Wartsila 5,520 kw árg: 2000  
 Fjöldi skipverja:      18



**Gögn:**  
 Gögn RNSA

Guðmundur í Nesi©Hilmar Snorrason

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasoni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 15. apríl 2016 var Guðmundur í Nesi RE 13 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 6 m/s.

Þegar skipið var á veiðum um miðnætti og vinnu á vinnsluþilfari lokið varð vakthafandi vélstjóri var við brunalykt þar sem hann var í vaktlefa í vélarúmi. Við athugun kom í ljós eldur og mikill reykur á vinnsluþilfari sem honum tókst að slökkva með handslökkvitækjum.

Eldurinn var í spólurofum, rafmagnsköplum og loftklæðningu. Eldsupptök voru í spólurofa fyrir glussaloka sem stýrði færiböndum.



Myndin sýnir hvar eldsupptök urðu

***Við rannsókn kom fram:***

- að vinnslulína var frá árinu 2008 og sett upp af verktökum á Íslandi;
- að rafkerfið og rafmagnsspólur voru 24 V;

- að 24 V komu frá spennni af gerðinni Block AC400V / DC24V-30A;
- að engar varnir svo sem útsláttarrofar eða yfirálagsvarnir voru fyrir eða eftir spennni. Útsláttarrofar voru settir á 24 V rafkerfið eftir atvikið;
- að rafverktaki skilaði frá sér rafkerfinu án þess að setja upp varnir á 24 V rafkerfið eftir spennni;
- að gerð er krafa frá flokkunarfélagi um útleiðslumælingu á rafkerfi skipa 220/440 V á fimm ára fresti en ekki lágspennu rafkerfum 24 V;
- að flokkunarfélagið var ekki kallað til eftir breytingarnar á rafkerfinu á vinnsluþilfari eins og útgerðaraðilum, eiganda, skipstjóra eða yfirvélstjóra er skylt;
- að brunaviðvörðunarkerfið hafði ekki farið í gang þegar vakthafandi vélstjóri var búinn að staðsetja eldinn en fór í gang skömmu síðar.

### *Nefndarálit:*

Upptök eldsins má rekja til ófullnægjandi frágangs á rafbúnaði á vinnsluþilfari.

Nefndin telur að snarræði vakthafandi vélstjóra hafi forðað stórbruna.